AUGLÝSING

um friðlýsingu húsa.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur forsætisráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa gömlu bæjartorfuna á Hvanneyri í heild sinni innan afmarkaðs svæðis, ásýnd, mannvistarleifar, garða, ferjustað við Hvítá og fyrri tíðar aðkomuleiðir heim að staðnum. Ennfremur tekur friðlýsingin til friðaðra minningarmarka í kirkjugarði, jarðræktarminja, varnar- og áveitugarða (garðlaga) og skurða sem tengdust engjarækt á bökkum Hvítár. Eftirtalin mannvirki falla undir friðlýsingu staðarins:

Gamla fjósið, Hjartarfjós (fastanr. 210-6043), Vélahús, Kollubar, Kollubúð (fastanr. 210-6043), Hlaða (fastanr. 210-6048), Halldórsfjós (fastanr. 210-6048), Hvanneyrarkirkja (fastanr. 210-6068), Skólahúsið, Gamli skólinn (fastanr. 210-6069), Skólastjórahús (fastanr. 210-6048), Leikfimihúsið (fastanr. 210-6069) og Skemman (fastanr. 210-6048).

Forsætisráðuneytinu, 6. maí 2016.

F. h. r.
Sigurður Örn Guðleifsson.

Hildur Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2016